

Nd.

344. Frumvarp

til laga um hallærisjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Það er upphaf þessara laga, að stofna skal allsherjar sjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri, er hlýtt af hafis, eða eldgosum, eða öðrum stórfeldum orsökum.

Sjóðurinn skal heita hallærisjóður.

2. gr.

Hver maður á landi hjer, sem er fullra 20 ára, skal greiða iðgjald í hallærisjóð, karlmaður 1 kr., en kvenmaður 60 auru á ári, og heitir hallærisgjald.

Eindagi á hallærisgjaldi er 15. dagur janúarmánaðar ár hvert fyrir það fardagaár, sem þá er að líða.

3. gr.

Hallærisjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 40 auru fyrir hvern gjaldskyldan mann það ár.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í hallærisvarnastjórn, og hafa á hendi reikningshald hallærisjóðsins og geyma eignarskilriki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfélags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifélags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum hallærisjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að fjed glatist ekki og taka megí til þess, hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Hallærisvarnastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærisbættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir hallærisvarnastjórnina eftir tillögum Búnaðarfelags og Fiskifelags Íslands.

6. gr.

Stjórnarráðið, Búnaðarfelag Íslands og Fiskifelag skulu hvert um sig velja einn sjóðgæslumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga hallæris-sjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilriki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæslumennina.

Reikninga hallærisssjóðsins skal jafnan leggja fyrir alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum laudsreikninganna.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka hallærisgjaldi á manntalsþingum fyrir sveitunga sína, en eiga tilkall til gjaldsins hjá þeim, sem gjaldskyldir eru.

8. gr.

Nú þykir sveitarstjórn óráðlegt að heimta sama gjald af öllum, og er þá rjett að hún jafni hallærisgjaldinu niður á þá, sem gjaldskyldir eru, eftir efnun og ástæðum, eða greiði það beint úr sveitarsjóði.

9. gr.

Hver húsráðandi skal greiða hallærisgjald fyrir þá, sem eiga lögheimili hjá honum og ekki greiða útsvar, og skal svo vera, þótt gjaldinu hafi verið jafnað niður samkvæmt 8. gr., en rjett á húsráðandi til endurgjalds hjá öllum öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum.

Nú er húsráðandi öreigi að dómi sveitarstjórnar, og á hún þá aðgang að gjaldanda sjálfum.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframsæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

10. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnnum í tje manntalsskýrslur til afnota við útreikning og innheimtu hallærisgjalda

Gjaldskyldir eru þeir fyrir aldurssakir, sem voru fullra 20 ára um síðustu áramót á undan gjalddaga.

11. gr.

Hallærisgjöld má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa hallærisgjöld sama forgangsriett í dánar- eða þrotabúi gjaldanda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

12. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta hallærisgjaldið á manntalsþingum og koma því til gjaldkera hallærisvarnastjórnarinnar.

13. gr.

Alt það fje, sem rennur úr landssjóði í hallærissjóðinn, samkvæmt 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það alt vera sjereign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn, að vöxtum meðtöldum.

Skrifstofukostnað hallærisvarnastjórnar skal gjalda af sameigninni.

14. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnnum heimild til að hækka hallærisgjaldið um tiltekið árabíl, þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

Nú á sýsla eða kaupstaður sjerstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka hallærisgjaldið, ef hallærisvarnastjórnin mælir með því.

15. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykkt um hagnýtingu þeirrar sjereignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í hallæris-sjóðnum. Skal sú samþykkt heita hallærissamþykkt.

Þessum hallærissamþykktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem hallærisvarnastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits hallærisvarnastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum hallærissamþykktum má skipa fyrir um alt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum hallærisvarnastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til trygg-ingar, að hallærissjóðurinn komi að rjettum notum og verði ekki illa varið.

16. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í hallærissjóðnum til útbýtingar, samkvæmt hallærissamþykkt sinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt er við bjargarskortu fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi hallærisvarnastjórnarinnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer varaförða, en það fje, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í hallærissjóðinn á ársfresti, nema það komi til útbýtingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki sjereign einhvers hjeraðs til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði hallærisvarnastjórnarinnar veita því hjeraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfje sjóðsins, gegn veði í hallæris-gjaldi hjeraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land alt og hallærissjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef hallærisvarnastjórnin fer þess á leit, lána hallæris-sjóðnum fje úr landssjóði, eða útvega honum lán annarsstaðar, gegn veði í eigum og tekjum sjóðsins.